

1059.stjórnarfundur VR

13.03.2011

Fundarsalur á 0.hæð í Húsi Verslunarinnar

Mættir á fundinn eru: Kristinn Örn Jóhannesson (KÖJ), Ásta Rut Jónasdóttir (ÁRJ), Benedikt Vilhjálmsson (BV), Birgir Már Guðmundsson (BMG), Sigurður Sigfússon (SS), Ingibjörg Ósk Birgisdóttir (ÍÓB), Bjarki Steingrímsson (BS), Guðrún Jóhanna Ólafsdóttir (GJÓ), Jón Magnússon (JM), Ragnar Þór Ingólfsson (RÞI), Óskar Kristjánsson (ÓK), Jóhanna S. Rúnarsdóttir (JSR) og Hildur Mósesdóttir (HM).

Ritari: Arnþór Gíslason, þjónustufulltrúi á þjónustusviði VR.

Fundurinn er settur kl. 15:00 og hefst með því að KÖJ býður stjórnarmenn velkomna og kynnir dagskrá fundarins.

1. Breytingar á stjórn Lífeyrissjóðs Verslunarmanna

KÖJ fer yfir stöðu mála varðandi málefni Ragnars Önundarsonar og tilkynnir að hann hafi óskað eftir því við R.Ö. að hann segði af sér úr stjórn Lífeyrissjóðs Verslunarmanna. Í framhaldi af því hafi hann mótttekið afsögn hans úr stjórn sjóðsins ásamt því að R.Ö. hafi tilkynnt að hann hygðist segja af sér úr stjórn Framtakssjóðs Íslands. Í framhaldi af því gefur KÖJ orðið laust um hver viðbrögð félagsins ættu að vera við þessu máli.

- Umræður

KÖJ leggur fram tillögu. (fskj. 1)

Tillaga KÖJ:

„ Stjórn VR samþykkti afsögn Ragnars Önundarsonar úr stjórn Lífeyrissjóðs Verslunarmanna á fundi sínum í dag.“

Tillagan er samþykkt með níu atkvæðum, tveir á móti og aðrir sitja hjá.

GJÓ lætur bóka mótatkvæði sitt við tillögu KÖJ. (fskj. 2)

- Umræður

RÞI leggur fram bókun. (fskj. 3)

Umræður

ÍÓB leggur fram tillögu á yfirlýsingu sem birt yrði á vefsíðu félagsins. (fskj. 4)

Tillaga ÍÓB:

„ Þar sem ný gögn varðandi Ragnar Önundarson liggja nú fyrir telur stjórn VR það vera rétta ákvörðun hjá honum að segja sig að fullu og öllu úr stjórn Lífeyrissjóðs verslunarmanna og frá þeim trúnaðarstörfum sem því hafa fylgt. “

Tillagan er samþykkt með tíu atkvæðum en enginn er andvígur.

Fundi er slitið kl: 16.09.

